

Kvikmyndir eru í senn margslungin myndverk og fjölbreytileg sagnalist. Hæfni til að lesa og greina kvikmynd skiptir sköpum í hinni myndrænu menningu samtímans.

Spurningarnar í þessum bæklingi má nota til að greina staka kvikmynd eða til þess að fræðast um grundvallaratriði í myndlæsi.

- Hver gerði myndina?
- Af hverju og með hvað í huga?
- Geturðu dregið myndina saman í eina fullyrðingu? Ertu sammála henni?
- Hvers konar tilfinningar kallar myndin fram í þér? Af hverju?
- Hvernig eru viðfangsefninu gerð skil?
- Hvað er ekki sagt? Hvaða skilaboð felast í myndinni? Hvaða gildi eru fólgin í myndinni?
- **Hvaða áhrif hefur bakgrunnur þinn og reynsla á það hvernig þú horfir á myndina?**

### Lyklar að kvikmyndum

Stuttur leiðarvísir um að greina framvindu, skilaboð og áhrif kvikmyndar. Láttu ekkert framhjá þér fara!

### Sagan

- Er söguþráður í myndinni? Hvernig myndir þú lýsa honum í stuttu máli?
- Hvernig er myndin byggð upp? Eru upphafið, miðjan og endirinn skýrt afmörkuð?
- Hvaða atriði í myndinni er fyndnast, sorglegast eða mest spennandi? Endar myndin vel?
- Hvers konar átök eru í myndinni? Hvaða áhrif hafa átökin á söguna og hvað veldur þeim?

### Hvaða áhrif hefur uppbygging myndarinnar á söguna, lestur á myndinni og tilfinningar áhorfandans?

### Persónurnar

- Hver er aðalpersóna myndarinnar?
- Hvernig eru hann/hún/þau? Hvernig líta þau út? Hvað geta þau eða geta ekki?
- Hvernig eru hinar persónurnar í myndinni? Hvernig tengjast þær aðalpersónunni?
- Hvers konar tilfinningar bærast með persónunum?
- Finnurðu til samkenndar með persónu í myndinni? Með hvaða persónu og af hverju?

**Hver tekur sér vald í myndinni? Hver tekur ákvarðanir? Hver hefur rödd og hver ekki? Eiga persónurnar í samskiptum? Hvers konar persónur er ekki að finna í myndinni?**

## Tjáningarform myndarinnar

- Hvernig er myndin að allri gerð? Horfðu t.d. til búninga, sviðsmyndar, sögusviðs, sjónarhorna, innrömmunar, lýsingar og litavals.
- Hversu hröð er atburðarásin í myndinni? Í hvaða hlutverki er klippingin?
- Hvers konar tónlist fylgir myndinni?
- Hvernig er hljóðheimur myndarinnar?
- Hvers konar heild mynda einstakir þættir myndarinnar? Hvað er sýnt í myndinni í stað þess að útskýra það berum orðum? Hvers vegna eru þessir þættir notaðir og hvaða áhrif hafa þeir á þig?

**Sjónmál: Hvað segja innrömmunin, sjónarhornin og litirnir um persónurnar? Hvar er myndavélin staðsett og hvernig sýnir hún persónurnar?**

## Kvikmyndaflóran

- Komstu með einhverjar væntingar að myndinni og hvers vegna?
- Hvaða grein kvikmyndanna tilheyrir myndin? Hvernig sést það í myndinni? Hvaða myndir hefurðu séð aðrar af sama tagi?
- Hvernig og fyrir hvaða hóp er myndin markaðssett? Hver er munurinn á því hvernig myndin er kynnt og því hvernig hún er í raun og veru? Fylgir myndinni einhver varningur?
- Hvern myndir þú hvetja til að sjá myndina? Hvers vegna? Hvernig hefur myndinni verið tekið?

**Hvar, hvenær og með hverjum horfðir þú á myndina? Hvaða áhrif hafði það á upplifun þína af myndinni og skoðun þína á henni?**